

Ed.

21. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Í kosningum þeim, sem fram fara til Alþingis í október 1949, skulu vera 2 kjördagar, þó ekki í þeim kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsbæjar.

Þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 104. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, að því viðbættu, að kjörskráin og þau eftirrit hennar, sem kjörstjórn hefur haft til afnota, skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann, sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag, opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans, kveður hún til valinkunnan mann, að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði, má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu, þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XII. kafla laga nr. 80 7. sept. 1942, eftir því sem við á.

Ef öll kjörstjórnin er sammála og allir frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra, sem mættir eru, samþykkja, má kjörstjórn, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, ákveða, að eigi skulu vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé kjörbókin undirrituð af frambjóðendum og umboðsmönnum, sem samþykkt hafa. Hafi 80% eða fleiri af kjósendum í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 85. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Hinn fyrri kjördag skal setja kjörfund kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag kl. 12 á hádegi.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn, og geta þá einn eða fleiri úr undirkjörstjórn við lok kjörfundar síðari kjördaginn óskað, að kjördagar verði þrír. Skal þá kosningu haldið áfram í þeirri kjördeild næsta dag eftir síðari kjördaginn.

Gilda þá ákvæði greinar þessarar um annan kjördag einnig um þriðja kjördaginn.

Við kosningar þessar skal hvergi á landinu hefja talningu atkvæða, fyrr en kosningu er alls staðar lokið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að við kosningar þær til Alþingis, er fram eiga að fara á næsta hausti, sé nauðsynlegt að hafa fleiri en 1 kjördag, sakir þess hve kosningar fara fram seint að hausti.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Í kosningum þeim, sem fram fara til Alþingis í október 1949, skulu vera 2 kjördagar, þó ekki í þeim kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsýslunnar.

Þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 104. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, að því viðbættu, að kjörskráin og þau eftirrit hennar, sem kjörstjórn hefur haft til afnota, skulu lögð með öðrum kjörögnum í poka þann, sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag, opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans, kveður hún til valinkunnan mann, að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði, má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu, þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XII. kafla laga nr. 80 7. sept. 1942, eftir því sem við á.

Ef öll kjörstjórnin er sammála og allir frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra, sem mættir eru, samþykkja, má kjörstjórn, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, ákveða, að eigi skulu vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé kjörbókin undirrituð af frambjóðendum og umboðsmönnum, sem samþykkt hafa. Hafi 80% eða fleiri af kjósendum í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 85. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Hinn fyrri kjördag skal setja kjörfund kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag kl. 12 á hádegis.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn og geta þá einn eða fleiri úr undirkjörstjórn, við lok kjörfundar síðari kjördaginn, óskað að kjördagar verði þrír. Skal þá kosningu haldið áfram í þeirri kjördeild næsta dag eftir síðari kjördaginn.

Gilda þá ákvæði greinar þessarar um annan kjördag einnig um þriðja kjördaginn.

Við kosningar þessar skal hvergi á landinu hefja talningu atkvæða fyrr en kosningu er alls staðar lokið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. ágúst 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.